# LAXVEIÐIN 1990

GUÐNI GUÐBERGSSON

júní 1991 VMST-R/91017

Eintak bókasafns

VMST- R/91017

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1990 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar.

Veiðitími fyrir lax og göngusilung ár hvert er 3 mánuðir á tímabilinu frá 20. maí til 20. september skv. lögum nr:76 frá 1970.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna er með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax séu þeir laxar sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur verið breytilegt milli áa og ára. Hér er skiptingin gerð þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ár úr sjó en hrygnur 7 pund og þyngri. Skipting sem þessi er góð nálgun við raunverulega skiptingu (Guðni Guðbergsson 1989). Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Veiðin í hverjum landshluta er tekin saman fyrir sig og er landshlutaskiptingin sú sama og skipting kjördæma.

Líkt og undanfarið er tekin saman listi valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1990. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á tímabilinu og mesta veiði.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Líkt og verið hefur eru tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit teknar með í þessari skýrslu enda oft erfitt að draga skýr mörk milli hafbeitar og fiskræktar. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa í úthafinu. Um endurheimtur í hafbeit er stuðst við skýrslu Jóhanns Arnfinnssonar og Vigfúsar Jóhannssonar (1991) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Vigfúsi Jóhannssyni.

**LAXVEIÐIN 1990**

Heildarlaxveiði á Íslandi sumarið 1990 samkvæmt veiðiskýrslum var 132.508 laxar sem skiptust þannig að 29.443 laxar veiddust á stöng, 12.339 laxar veiddust í net og 90.726 laxar endurheimtust úr hafbeit (tafla 1). Heildarþungi veiddra laxa samkvæmt veiðiskýrslum var 426,5 tonn sem skiptist þannig að 104,7 tonn veiddust á stöng,

41,8 tonn í net og 280 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Heildarveiði laxa á árinu 1990 var sú mesta frá upphafi (tafla 1, mynd 1) ef hafbeitarlaxar eru teknir með, en fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa var sá hæsti frá upphafi.

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa er 21% lægri en meðalveiði og sá þriðji minnsti ef litið er til tímabilsins 1974 - 1990 en einungis var minni veiði 1982 og 1984 (tafla 2). Stangveiðin 1990 var 18.2% undir meðaltali áranna 1974 - 1990. Netaveiðin var 26.7% lægri en meðaltal sömu ára og sú fjórða minnsta á tímabilinu en árin 1982, 1984 og 1989 var hún minni.

**Stangveiðin**

Heildarstangveiði á Íslandi 1990 var 29.443 laxar og vógu þeir samtals 104.7 tonn. Flestir laxar veiddust á Vesturlandi 10.952 en fæstir á Vestfjörðum 904 (töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi 34.6 tonn en næst mest á Norðurlandi vestra 20 tonn.

Flestir laxar veiddust í Rangánum 1.622 en næst mest í Laxá í Kjós og Bugðu 1.596 og í þriðja sæti er Laxá í Aðaldal með 1.543 veidda laxa. Ef hliðarár Laxár í Aðaldal, Mýrarkvísl og Reykjadalsá eru teknar með er veiðin 1.844 laxar. Röð 10 efstu laxveiðiánna er sýnd í töflu 3.

Í veiðiskýrslur voru í heild skráðir 40.162 silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddist mest af silungi á Norðurlandi eystra (töflur 6-12) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 16.033 urriðar og 24.033 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar á silungasvæði Laxár í Þingeyjarsýslu 4.247 (tafla 4) og flestar bleikjur í Flókadalsá 2.134 (tafla 5).

Af þeim stangveiddu löxum sem voru þyngdarmældir voru 18.956 (65%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 10.327 (35%)

tvö ár eða lengur (tafla 13).

Veiðiálag af völdum stangveiði var metið í Elliðaánum 1989 og var það 41% (Þórólfur Antonsson 1990) og 44% 1990 (Þórólfur Antonsson 1991). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Nokkuð bar á eldis- og hafbeitarlaxi í stangveiði í ám við Faxaflóa. (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1991). Veiðin í Þessum ám er því nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu hefði verið um náttúrulega framleiðslu þessara áa að ræða.

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði valinna áa trá 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu- og mestu veiði tímabilsins (tafla 14).

**Netaveiðin**

Heildarlaxveiði í net á Íslandi 1990 var 12.339 laxar sem vógu 41,8 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Vesturlandi 6.058 þar af veiddust 4.055 í Hvítá í Borgarfirði en 2.525 veiddust í sjávarveiði (Sigurður Már Einarsson munnl. upp.) Á Suðurlandi veiddust 5.743 laxar í net, 2.344 í Ölfusá, 1.749 í Hvítá, 1.626 í Þjórsá og 24 í Skaftá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Netaveiði var mun minni í öðrum landshlutum (tafla 1).

**Hafbeit**

Í hafbeit endurheimtust alls 90.726 laxar sem vógu 280 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Reykjanesi og Vesturlandi (tafla 1). Fjöldi endurheimtra laxa í hafbeit 1990 var sá mesti frá upphafi enda langmestu sleppt af gönguseiðum 1989 til þessa.

**UMRÆÐUR**

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár og segja má að veiðin endurspegli nokkuð vel laxgengd í árnar. Almennt var sumarið 1990 frekar hagstætt til veiða hvað varðar veður og vatnsbúskap ánna og veiðin því svipuð því sem laxgengdin gaf tilefni til. Það sem frekast sker sig úr í veiðinni 1990 var mikil veiði í Rangánum en þær fóru úr 57 laxa meðalveiði í 1622 og urðu hæstar veiðiáa landsins. Skýringin á þessari miklu aukningu liggur í því að umtalsverðu magni gönguseiða var sleppt í árnar 1989 sem skiluðu sér í veiði ári seinna (Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 1990). Að öðru leyti var veiði svipuð því sem hún var 1989, nokkur minnkun varð þó í ám á norðausturlandi. Lax sem sloppið hefur úr eldiskvíum og villst úr hafbeit kom fram í veiði einkum næst þeim stöðum sem slík starfsemi er stunduð á. Þessir fiskar hækkuðu fjölda veiddra laxa.

Sýnt hefur verið framá í Laxá í Þingeyjarsýslu að hiti í ánni og sjó við ströndina ásamt átumagni í sjó að vori skýrir mikinn hluta af breytileika í laxveiði árið eftir (Jónas Þór Þorvaldsson 1991). Það eru því umhverfisskilyrði vorið sem gönguseiðin ganga til sjávar sem ráða miklu um stærð laxgöngunnar árið eftir.

Fleiri silungar voru skráðir í veiðinni 1990 en áður. Stafar það bæði af bættri skráningu silungs og aukinnar ástundunar silungsveiði. Þrátt fyrir þessa aukningu er enn talsvert í land með að öll silungusveiði sé skráð og er það eitt af þeim framtíðarverkefum sem þurfa að vinnast í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Á komandi hausti er stefnt að því að flýta úrvinnslu veiðiskýrslna og þurfa veiðibækur að hafa borist Veiðimálastofnun í síðastalagi 1. desember.

**ÞAKKARORÐ**

Friðþjófur Árnason og Ingibjörg Rannveig Kristjánsdóttir tölvuskráðu laxveiðina 1990. Sigurður Már Einarsson safnuði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi.

Ofantöldum aðilum kann ég bestu þakkir og síðast en ekki síst hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar.

**HEIMILDIR**

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1991. Hlutdeild eldislax í ám við Faxaflóa, VMST-R/91015.

Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987. Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

Guðni Guðbergsson 1989. Laxveiðin 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

Jóhann Arnfinnsson og Vigfús Jóhannsson 1991. Framleiðsla í Íslensku fiskeldi árið 1990. VMST-R/91011.

Jónas Þór Þorvaldsson 1991. Spálíkan fyrir laxveiði í Laxá í Aðaldal. Lokaverkefni í vélaverkfræði, Háskóli Íslands 1991, 44 bls.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson 1991. Árangur gönguseiðasleppinga á vatnasvæði Rangánna. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-S/91001.

Þór Guðjónsson 1986. Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. Í Atlantic Salmon: Planning for the future; ritstj. Derik Mills og David Piggins.

Þórólfur Antonsson 1990. Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánna 1989. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/90012.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1991. Rannsóknir á fiskstofnum vatnasviðs Elliðaánna 1990. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/91018.




**Mynd 1.** Laxveiði á Íslandi 1974 - 1990, skipt í stangveiði, netaveiði og hafbeit.

Tafla 1. Heildarfjöldi og heildarþyngd veiddra laxa á Íslandi 1990, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum).

| LANDSHLUTI | STANGVEIDI | | NETAVEIDI | | HAFBEIT | | SAMTALS | | %af | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjöldi | þyngd | fjölda | þyngd |
| Reykjanes | 4275 | 22699 | | | 37500 | 231466 | 41775 | 254165 | 31,5 | 29,8 |
| Vesturland | 10952 | 69250 | 6058 | 36332 | 47233 | 291542 | 64243 | 397124 | 48,5 | 46,6 |
| Vestfirðir | 904 | 6076 | | | 770 | 4753 | 1674 | 10829 | 1,3 | 1,3 |
| Norðurland vestra | 4523 | 40121 | 388 | 3492 | 30 | 185 | 4941 | 43798 | 3,7 | 5,1 |
| Norðurland eystra | 3761 | 34983 | 105 | 860 | 5042 | 31121 | 8908 | 66964 | 6,7 | 7,9 |
| Austurland | 1639 | 12197 | 45 | 334 | | | 1684 | 12531 | 1,3 | 1,5 |
| Suðurland | 3389 | 23988 | 5743 | 42543 | 151 | 932 | 9283 | 67463 | 7,0 | 7,9 |
| samtals: | 29443 | 209314 | 12339 | 83561 | 90726 | 559999 | 132508 | 852874 | 100,0 | 100,0 |
| Samtals þyngd kg | | 104657 | | 41781 | | 280000 | | 426437 | | |

Tafla 2. Heildarfjöldi veiddra laxa á Íslandi 1974 - 1990 skipt eftir veiðiaðferðum. Reiknað er hlutfall náttúrulega framleiddra laxa af heildarveiðinni.

| ÁR | STANGVEIÐI | NETAVEIÐI | HAFBEIT | HEILDARV | NÁTTÚRUL. VEIÐI | HLUTFALL NÁTT AF AF HEILD |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 34107 | 18044 | 3765 | 55916 | 52151 | 93,27 |
| 1975 | 45882 | 20402 | 7720 | 74004 | 66284 | 89,57 |
| 1976 | 39249 | 17130 | 3247 | 59626 | 56379 | 94,55 |
| 1977 | 41302 | 20864 | 2405 | 64571 | 62166 | 96,28 |
| 1978 | 52679 | 25946 | 1953 | 80578 | 78625 | 97,58 |
| 1979 | 43955 | 18306 | 1967 | 64228 | 62261 | 96,94 |
| 1980 | 30007 | 18992 | 3138 | 52137 | 48999 | 93,98 |
| 1981 | 27777 | 14478 | 4626 | 46881 | 42255 | 90,13 |
| 1982 | 24671 | 11107 | 5340 | 41118 | 35778 | 87,01 |
| 1983 | 29267 | 17761 | 11194 | 58222 | 47028 | 80,77 |
| 1984 | 23582 | 10912 | 6595 | 41089 | 34494 | 83,95 |
| 1985 | 31621 | 14942 | 19750 | 66313 | 46563 | 70,22 |
| 1986 | 46671 | 20437 | 24100 | 91208 | 67108 | 73,58 |
| 1987 | 33907 | 13960 | 14140 | 62007 | 47867 | 77,20 |
| 1988 | 47979 | 18781 | 64017 | 130777 | 66760 | 51,05 |
| 1989 | 30082 | 11738 | 48617 | 90437 | 41820 | 46,24 |
| 1990 | 29443 | 12339 | 90726 | 132508 | 41782 | 31,53 |
| MEÐALTAL 1974-1990 | 36011 | 16832 | 18429 | 71272 | 52842 | 74,14 |

Tafla 3. Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1990.

| | Nafn ár | fjöldi veiddra laxa |
|---|---|---|
| 1. | Rangárnar | 1622 |
| 2. | Laxá í Kjós og Bugða | 1597 |
| 3. | Laxá í Aðaldal | 1543 |
| 4. | Þverá og Kjarrá | 1485 |
| 5. | Elliðaár | 1384 |
| 6. | Norðurá | 1070 |
| 7. | Laxá í Leirársveit | 1052 |
| 8. | Laxá í Dölum | 1049 |
| 9. | Langá | 1000 |
| 10. | Miðfjarðará | 774 |

Tafla 4. Sex aflahæstu urriðaveiðiárnar 1990.

| | Nafn ár | fjöldi veiddra urriða |
|---|---|---|
| 1. | Laxá í Aðaldal ofan Brúa | 4247 |
| 2. | Fremri Laxá á Ásum | 2965 |
| 3. | Grenlækur | 1424 |
| 4. | Laxá í Aðaldal neðan Brúa | 1275 |
| 5. | Vatnsdalsá | 667 |
| 6. | Húseyjarkvísl | 426 |

Tafla 5. Sex aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1990.

| | Nafn ár | fjöldi veiddra bleikja |
|---|---|---|
| 1. | Flókadalsá í Fljótum | 2134 |
| 2. | Eyjafjarðará | 2123 |
| 3. | Hörgá | 1692 |
| 4. | Vatnsdalsá | 1642 |
| 5. | Staðarholtsá og Hvolsá | 941 |
| 6. | Svarfaðardalsá | 873 |

**Tafla 6.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Elliðaár | 1384 | 6603 | 4,77 | 1241 | 4,2 | 143 | 9,3 | 0 | 0 | 0 | 8,7 : 1 |
| Úlfarsá | 306 | 1448 | 4,73 | 278 | 4,3 | 26 | 9,4 | 2 | 21 | 0 | 10,7 : 1 |
| Leirvogsá | 489 | 2277 | 4,66 | 413 | 3,9 | 76 | 8,9 | 0 | 11 | 1 | 5,4 : 1 |
| Kiðafellsá | 10 | 50 | 5,00 | 10 | 5,0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | : 1 |
| Laxá í Kjós | 1370 | 8654 | 6,32 | 1029 | 6,3 | 341 | 10,6 | 0 | 9 | 0 | 3,0 : 1 |
| Bugða | 226 | 1378 | 6,10 | 185 | 5,2 | 41 | 10,1 | 0 | 3 | 0 | 4,5 : 1 |
| Brynjudalsá | 385 | 1802 | 4,68 | 355 | 4,4 | 29 | 8,5 | 1 | 0 | 2 | 12,2 : 1 |
| Botnsá | 105 | 487 | 4,64 | 96 | 4,1 | 9 | 9,1 | 0 | 1 | 0 | 10,7 : 1 |
| Reykjanes samtals | 4275 | 22699 | 5,31 | 3607 | | 665 | | 3 | 45 | 3 | 5,4 : 1 |

**Tafla 7.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vesturlandi 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn år | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Selós og Þverá | 86 | 537 | 6,24 | 65 | 4,8 | 21 | 10,7 | 0 | 13 | 0 | 3,1 : 1 |
| Eyrar-Geitabergsvatn | 4 | 18 | 4,50 | 4 | 4,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0 | 0 | |
| Laxá í Leirársveit | 1052 | 5995 | 5,70 | 789 | 4,1 | 263 | 10,6 | 0 | 219 | 1 | 3,0 : 1 |
| Hafnará | 87 | 394 | 4,53 | 55 | 3,9 | 5 | 11,4 | 27 | 28 | 73 | 11,0 : 1 |
| Andakílsá | 97 | 582 | 6,00 | 75 | 4,9 | 22 | 10,1 | 0 | 5 | 479 | 3,4 : 1 |
| Hvítá í Borgarfirði | 263 | 1704 | 6,48 | 190 | 4,4 | 73 | 11,9 | 0 | 192 | 19 | 2,6 : 1 |
| Grímsá og Tunguá | 756 | 4803 | 6,35 | 555 | 4,5 | 198 | 11,5 | 3 | 74 | 24 | 2,8 : 1 |
| Þverá og Kjarrá | 1485 | 11206 | 7,55 | 843 | 4,8 | 642 | 11,2 | 0 | 99 | 76 | 1,3 : 1 |
| Flókadalsá | 241 | 1133 | 4,70 | 217 | 4,1 | 24 | 9,9 | 0 | 7 | 0 | 9,0 : 1 |
| Reykjadalsá | 77 | 465 | 6,04 | 63 | 4,8 | 14 | 11,4 | 0 | 21 | 3 | 4,5 : 1 |
| Norðurá | 1070 | 6737 | 6,30 | 689 | 4,4 | 378 | 9,8 | 3 | 20 | 5 | 1,8 : 1 |
| Gljúfurá | 97 | 465 | 4,79 | 85 | 3,9 | 10 | 12,2 | 2 | 16 | 0 | 8,5 : 1 |
| Langá | 1000 | 4971 | 4,97 | 882 | 4,4 | 102 | 9,6 | 16 | 9 | 15 | 8,6 : 1 |
| Urriðaá | 34 | 159,5 | 4,69 | 32 | 4,3 | 2 | 11,5 | 0 | 11 | 8 | 16,0 : 1 |
| Hítará | 257 | 1490 | 5,80 | 203 | 4,6 | 51 | 10,5 | 3 | 30 | 234 | 4,0 : 1 |
| Haffjarðará | 599 | 4219 | 7,04 | 389 | 5,2 | 208 | 10,5 | 2 | 6 | 28 | 1,9 : 1 |
| Núpá | 6 | 22 | 3,67 | 6 | 3,7 | 0 | 13,0 | 0 | 12 | 41 | |
| Straumfjarðará | 267 | 1642 | 6,15 | 196 | 4,6 | 71 | 10,4 | 0 | 0 | 0 | 2,8 : 1 |
| Laxá í Miklaholtshr | 10 | 60 | 6,00 | 5 | 4,2 | 2 | 10,5 | 3 | 2 | 69 | 2,5 : 1 |
| Lýsa | 101 | 702 | 6,95 | 59 | 5,1 | 39 | 9,8 | 3 | 42 | 0 | 1,5 : 1 |
| Álftá | 245 | 1397 | 5,70 | 202 | 4,7 | 43 | 10,3 | 0 | 108 | 1 | 4,7 : 1 |
| Fróðá | 50 | 272 | 5,44 | 42 | 4,6 | 8 | 9,9 | 0 | 2 | 163 | 5,3 : 1 |
| Setbergsá | 203 | 918 | 4,52 | 182 | 4,0 | 19 | 9,3 | 2 | 5 | 1 | 9,6 : 1 |
| Laxá á Skógarströnd | 106 | 644 | 6,08 | 83 | 4,7 | 23 | 11,0 | 0 | 2 | 0 | 3,6 : 1 |
| Dunká | 96 | 600 | 6,25 | 62 | 4,2 | 34 | 10,0 | 0 | 2 | 3 | 1,8 : 1 |
| Hörðudalsá | 62 | 388 | 6,26 | 41 | 4,5 | 21 | 9,8 | 0 | 8 | 614 | 2,0 : 1 |
| Skrauma á Skógarstr. | 0 | 0 | 0,00 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0 | 0 | 0,0 : 1 |
| Miðá og Tunguá | 90 | 619 | 6,88 | 56 | 4,7 | 34 | 10,4 | 0 | 1 | 470 | 1,6 : 1 |
| Haukadalsá neðri | 523 | 3150 | 6,02 | 364 | 4,2 | 158 | 10,3 | 1 | 0 | 8 | 2,3 : 1 |
| Haukadalsá efri | 17 | 125 | 7,35 | 10 | 5,1 | 7 | 10,5 | 0 | 3 | 237 | 1,4 : 1 |
| Laxá í Dölum | 1049 | 8228 | 7,84 | 609 | 4,8 | 439 | 12,1 | 1 | 3 | 72 | 1,4 : 1 |
| Fáskrúð | 226 | 1575 | 6,97 | 122 | 4,5 | 104 | 9,9 | 0 | 4 | 0 | 1,2 : 1 |
| Glerá | 46 | 294 | 6,39 | 30 | 4,3 | 16 | 10,2 | 0 | 0 | 21 | 1,9 : 1 |
| Flekkudalsá | 145 | 765 | 5,28 | 116 | 4,0 | 29 | 10,2 | 0 | 7 | 39 | 4,0 : 1 |
| Krossá | 30 | 169 | 5,63 | 20 | 3,9 | 9 | 9,5 | 1 | 11 | 29 | 2,2 : 1 |
| Búðardalsá | 106 | 630 | 5,94 | 65 | 4,0 | 33 | 9,7 | 8 | 3 | 2 | 2,0 : 1 |
| Staðarhólsá og Hvols | 331 | 1875 | 5,66 | 277 | 5,1 | 51 | 8,9 | 3 | 2 | 941 | 5,4 : 1 |
| Skoravíkurá | 38 | 296 | 7,79 | 18 | 5,3 | 20 | 10,0 | 0 | 0 | 2 | 0,9 : 1 |
| Vesturland samtals | 10952 | 69250 | 6,3 | 7701 | | 3173 | | 78 | 967 | 3678 | 2,4 : 1 |

**Tafla 8.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjarðarhornsá | 8 | 38 | 4,80 | 6 | 2,8 | 2 | 10,7 | 0 | 0 | 562 | 3,0 :1 |
| Suðurfossá | 26 | 159 | 6,12 | 15 | 3,8 | 11 | 9,3 | 0 | 0 | 0 | 1,4 :1 |
| Botnslón | 112 | 552 | 4,93 | 105 | 4,7 | 7 | 7,6 | 0 | 0 | 1 | 15,0 :1 |
| Svínafossá | 84 | 570 | 6,79 | 51 | 5,0 | 32 | 9,6 | 1 | 416 | 11 | 1,6 :1 |
| Hvannadalsá | 42 | 209 | 4,98 | 37 | 4,4 | 5 | 9,4 | 0 | 2 | 17 | 7,4 :1 |
| Langadalsá | 88 | 733 | 8,33 | 36 | 4,6 | 52 | 10,9 | 0 | 0 | 91 | 0,7 :1 |
| Laugardalsá | 161 | 1118 | 6,94 | 111 | 4,8 | 49 | 11,8 | 1 | 3 | 4 | 2,3 :1 |
| Ísafjarðará | 14 | 71 | 5,07 | 12 | 4,5 | 2 | 8,0 | 0 | 0 | 1 | 6,0 :1 |
| Bjarnarfjarðará | 4 | 19 | 4,75 | 3 | 3,7 | 1 | 8,0 | 0 | 0 | 373 | 3,0 :1 |
| Selá í Steingr. | 66 | 404 | 6,12 | 46 | 4,9 | 17 | 9,3 | 3 | 0 | 229 | 2,7 :1 |
| Staðará í Steingr. | 118 | 733 | 6,21 | 79 | 4,8 | 39 | 9 | 0 | 0 | 183 | 2,0 :1 |
| Hrófá | 32 | 268 | 8,38 | 21 | 5,2 | 11 | 14,5 | 0 | 1 | 126 | 1,9 :1 |
| Hvalsá | 25 | 173 | 6,92 | 14 | 3,8 | 11 | 11 | 0 | 1 | 0 | 1,3 :1 |
| Krossá | 39 | 335 | 8,59 | 17 | 4,6 | 22 | 11,7 | 0 | 0 | 25 | 0,8 :1 |
| Víkurá | 38 | 340 | 8,95 | 12 | 4,6 | 26 | 11 | 0 | 1 | 50 | 0,5 :1 |
| Laxá í Hrútafirði | 47 | 354 | 7,53 | 24 | 4 | 23 | 11,3 | 0 | 0 | 0 | 1,0 :1 |
| Samtals Vestfirðir | 904 | 6076 | 6,7 | 589 | | 310 | | 5 | 424 | 1673 | 1,9 :1 |

**Tafla 9.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hrútafjarðr og Siká | 200 | 1532 | 8,47 | 112 | 4,9 | 88 | 11,2 | 0 | 2 | 221 | 1,3 : 1 |
| Tjarnará | 18 | 126 | 7,00 | 9 | 3,9 | 8 | 10,5 | 1 | 0 | 55 | 1,1 : 1 |
| Miðfjarðará | 774 | 6502 | 8,40 | 370 | 4,9 | 404 | 11,6 | 0 | 58 | 221 | 0,9 : 1 |
| Víðidalsá og Fitjá | 604 | 6286 | 10,41 | 178 | 4,7 | 426 | 12,8 | 0 | 13 | 377 | 0,4 : 1 |
| Vatnsdalsá | 604 | 5660 | 9,37 | 298 | 5,2 | 305 | 13,5 | 1 | 667 | 1642 | 1,0 : 1 |
| Gljúfurá | 26 | 170 | 6,54 | 20 | 4,7 | 6 | 12,6 | 0 | 3 | 1 | 3,3 : 1 |
| Laxá á Ásum | 651 | 4538 | 6,97 | 432 | 4,9 | 217 | 11,2 | 24 | 0 | 1 | 2,0 : 1 |
| Fremri Laxá á Ásum | 5 | 30 | 6,00 | 3 | 4,3 | 2 | 8,5 | 0 | 2965 | 34 | 1,5 : 1 |
| Blanda | 607 | 5571 | 9,18 | 230 | 4,8 | 376 | 11,9 | 1 | 2 | 12 | 0,6 : 1 |
| Svartá | 105 | 970 | 9,24 | 22 | 4,5 | 83 | 10,5 | 0 | 60 | 23 | 0,3 : 1 |
| Laxá á Refasveit | 156 | 1210 | 7,76 | 82 | 4,7 | 74 | 11,1 | 0 | 0 | 11 | 1,1 : 1 |
| Hallá | 30 | 224 | 7,47 | 16 | 4,5 | 14 | 10,8 | 0 | 2 | 6 | 1,1 : 1 |
| Fossá í Skefilst.hr. | 12 | 114 | 9,50 | 4 | 4,8 | 8 | 11,9 | 0 | 1 | 0 | 0,5 : 1 |
| Laxá í Skefilst.hr. | 103 | 1029 | 9,99 | 24 | 4,7 | 79 | 11,6 | 0 | 1 | 70 | 0,3 : 1 |
| Húseyjarkvísl | 89 | 947 | 10,64 | 20 | 4,6 | 69 | 12,4 | 0 | 426 | 64 | 0,3 : 1 |
| Hrollleifsdalsá | 16 | 130 | 8,13 | 7 | 5,4 | 9 | 10,3 | 0 | 7 | 221 | 0,8 : 1 |
| Flókadalsá | 135 | 1435 | 10,63 | 36 | 4,7 | 99 | 12,9 | 0 | 93 | 2134 | 0,4 : 1 |
| Fljótaá | 388 | 3647 | 9,40 | 146 | 5,0 | 242 | 12,1 | 0 | 0 | 627 | 0,6 : 1 |
| Samtals Norðurland vestra | 4523 | 40121 | 8,9 | 2009 | | 2509 | | 27 | 4300 | 5720 | 0,8 : 1 |

**Tafla 10.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi eystra 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn<br>ár | fjöldi<br>laxa | þyngd<br>laxa | heildar<br>meðalþ. | fjöldi<br>smálax | meðalþ.<br>smálax | fjöldi<br>stórlax | meðalþ.<br>stórlax | fjöldi<br>ánþyng | fjöldi<br>urriða | fjöldi<br>bleikja | hlutfall<br>smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ólafsfjarðará | 8 | 46 | 5,75 | 6 | 4,0 | 2 | 11,0 | 0 | 0 | 307 | 3,0 : 1 |
| Svarfaðardalsá | 28 | 139 | 4,96 | 15 | 4,4 | 2 | 9 | 11 | 24 | 873 | 7,5 : 1 |
| Þorvaldsdalsá | 85 | 878 | 10,33 | 26 | 4,8 | 59 | 12,7 | 0 | 2 | 593 | 0,4 : 1 |
| Hörgá | 17 | 143 | 8,41 | 8 | 4,0 | 8 | 12,8 | 1 | 23 | 1692 | 1,0 : 1 |
| Eyjafjarðará | 40 | 234 | 5,85 | 20 | 4,4 | 12 | 8,2 | 8 | 67 | 2123 | 1,7 : 1 |
| Fnjóská | 121 | 1005 | 8,31 | 55 | 4,5 | 66 | 11,5 | 0 | 14 | 390 | 0,8 : 1 |
| Djúpá | 54 | 348 | 6,44 | 42 | 5,0 | 12 | 11,5 | 0 | 0 | 0 | 3,5 : 1 |
| Skjálfandafljót | 493 | 4473 | 9,07 | 209 | 4,4 | 284 | 12,5 | 0 | 119 | 391 | 0,7 : 1 |
| Laxá í Aðaldal | 1543 | 16281 | 10,55 | 527 | 5,0 | 1011 | 13,4 | 5 | 1275 | 137 | 0,5 : 1 |
| Laxá í Laxárdal | 1 | 6 | 6,00 | 1 | 6,0 | 0 | 0,0 | 0 | 1012 | 13 | : 1 |
| Laxá í Mývatnsveit | 0 | 0 | 0,00 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 3235 | 3 | : 1 |
| Reykjadalsá | 272 | 2229 | 8,19 | 99 | 4,8 | 173 | 10,2 | 0 | 1 | 0 | 0,6 : 1 |
| Mýrarkvísl | 188 | 1471 | 7,82 | 102 | 4,6 | 86 | 11,6 | 0 | 0 | 0 | 1,2 : 1 |
| Litluárvötn | 19 | 134 | 7,05 | 12 | 4,9 | 7 | 10,6 | 0 | 422 | 310 | 1,7 : 1 |
| Skjálftavatn | 12 | 55 | 4,58 | 12 | 4,6 | 0 | 0 | 0 | 36 | 41 | : 1 |
| Brunná | 3 | 11 | 3,67 | 3 | 3,7 | 0 | 0,0 | 0 | 61 | 126 | : 1 |
| Deildará | 142 | 906 | 6,38 | 101 | 4,3 | 41 | 11,6 | 0 | 3 | 1 | 2,5 : 1 |
| Ormarsá | 187 | 1706 | 9,12 | 64 | 4,6 | 122 | 11,5 | 1 | 20 | 181 | 0,5 : 1 |
| Svalbarðsá | 135 | 1079 | 7,99 | 69 | 4,8 | 66 | 11,3 | 0 | 1 | 3 | 1,0 : 1 |
| Sandá | 81 | 782 | 9,65 | 34 | 4,8 | 47 | 13,2 | 0 | 0 | 7 | 0,7 : 1 |
| Hafralónsá | 223 | 2038 | 9,14 | 79 | 4,1 | 142 | 11,9 | 2 | 8 | 57 | 0,6 : 1 |
| Kverká | 18 | 133 | 7,39 | 11 | 4,4 | 7 | 9,3 | 0 | 1 | 11 | 1,6 : 1 |
| Hölkná | 91 | 886 | 9,74 | 26 | 4,6 | 65 | 11,8 | 0 | 0 | 7 | 0,4 : 1 |
| Samtals<br>Norðurland eystra | 3761 | 34983 | 9,30 | 1521 | | 2212 | | 28 | 6324 | 7266 | 0,7 : 1 |

**Tafla 11.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Austurlandi 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn<br>ár | fjöldi<br>laxa | þyngd<br>laxa | heildar<br>meðalþ. | fjöldi<br>smálax | meðalþ.<br>smálax | fjöldi<br>stórlax | meðalþ.<br>stórlax | fjöldi<br>ánþyng | fjöldi<br>urriða | fjöldi<br>bleikja | hlutfall<br>smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Miðfjarð- og Kverká | 136 | 1107 | 8,14 | 64 | 4,3 | 70 | 11,6 | 2 | 1 | 2 | 0,9 : 1 |
| Selá í Vopnafirði | 634 | 4895 | 7,72 | 356 | 4,5 | 278 | 11,8 | 0 | 14 | 211 | 1,3 : 1 |
| Vesturdalsá | 163 | 1296 | 7,95 | 82 | 4,5 | 81 | 11,5 | 0 | 5 | 513 | 1,0 : 1 |
| Hofsá í Vopnafirði | 552 | 4092 | 7,41 | 333 | 4,4 | 219 | 12,1 | 0 | 31 | 67 | 1,5 : 1 |
| Sunnudalsá | 31 | 161 | 5,19 | 28 | 4,6 | 3 | 10,3 | 0 | 0 | 8 | 9,3 : 1 |
| Gilsá og Selfljót | 26 | 130 | 5,00 | 11 | 3,6 | 4 | 8,8 | 11 | 72 | 455 | 2,8 : 1 |
| Fjarðará, Seyðisf. | 6 | 38 | 6,33 | 4 | 5,4 | 2 | 8,5 | 0 | 3 | 112 | 2,0 : 1 |
| Breiðdalsá | 91 | 478 | 5,25 | 78 | 4,5 | 13 | 10,0 | 0 | 148 | 600 | 6,0 : 1 |
| Samtals<br>Austurland | 1639 | 12197 | 7,4 | 956 | | 670 | | 13 | 274 | 1968 | 1,4 : 1 |

**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1990. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 grömm).

| Nafn ár | fjöldi laxa | þyngd laxa | heildar meðalþ. | fjöldi smálax | meðalþ. smálax | fjöldi stórlax | meðalþ. stórlax | fjöldi ánþyng | fjöldi urriða | fjöldi bleikja | hlutfall smálax/ stórlax |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Geirlandsá | 74 | 431 | 5,82 | 60 | 4,6 | 14 | 11,0 | 0 | 193 | 29 | 4,3 : 1 |
| Skaftá Vatnamót | 1 | 6 | 6,00 | 1 | 6,0 | 0 | 0,0 | 0 | 123 | 9 | |
| Skaftá Mávab.Veiðiós | 5 | 28 | 5,60 | 4 | 4,5 | 1 | 9,5 | 0 | 69 | 1 | |
| Holtsá | 0 | 0 | 0,00 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 22 | |
| Grenlækur | 4 | 24 | 6,00 | 4 | 6,0 | 0 | 0,0 | 0 | 1424 | 151 | |
| Jónskvísl, Sýrlækur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 166 | 9 | |
| Eldvatn í Meðallandi | 15 | 90 | 6,00 | 13 | 5,2 | 2 | 11,0 | 0 | 35 | 21 | 6,5 : 1 |
| Tungufljót | 11 | 73 | 6,50 | 8 | 4,8 | 3 | 11,7 | 0 | 84 | 107 | 2,7 : 1 |
| Kerl.dals- og Vatnsá | 107 | 609 | 5,69 | 89 | 4,8 | 18 | 10,1 | 0 | 91 | 96 | 4,9 : 1 |
| Heiðarvatn | 5 | 13 | 2,60 | 5 | 2,6 | 0 | 0 | 0 | 399 | 203 | |
| Rangár og Fiská | 1622 | 10164 | 6,27 | 1508 | 6,17 | 114 | 9,44 | 0 | 179 | 75 | 13,2 : 1 |
| Kálfá | 87 | 752 | 8,64 | 39 | 4,8 | 48 | 11,8 | 0 | 93 | 143 | 0,8 : 1 |
| Ölfusá | 315 | 2278 | 7,23 | 203 | 5,2 | 87 | 11,9 | 25 | 44 | 12 | 2,3 : 1 |
| Hvítá | 486 | 4382 | 9,02 | 245 | 5,0 | 238 | 13,2 | 3 | 74 | 42 | 1,0 : 1 |
| Hagaós og Brúará | 44 | 372 | 8,45 | 23 | 4,9 | 21 | 12,4 | 0 | 3 | 125 | 1,1 : 1 |
| Stóra Laxá | 200 | 1761 | 8,81 | 98 | 4,8 | 101 | 12,7 | 1 | 20 | 53 | 1,0 : 1 |
| Sogið | 397 | 2916 | 7,35 | 256 | 5,0 | 140 | 11,7 | 1 | 6 | 426 | 1,8 : 1 |
| Veiðifélag flóamanna | 16 | 89 | 5,56 | 15 | 4,8 | 1 | 17,0 | 0 | 322 | 144 | 15,0 : 1 |
| Hlíðarvatn | 4 | 20 | 5,00 | 2 | 4,5 | 0 | 0 | 2 | 1 | 1360 | |
| Djúpavatn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 373 | 793 | |
| Samtals Suðurland | 3389 | 23988 | 7,1 | 2573 | | 788 | | 32 | 3699 | 3821 | |

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1990, eftir sjávaraldri og landshlutum.

| Landshluti | fjöldi smálax | fjöldi stórlax |
|---|---|---|
| Reykjanes | 3607 | 665 |
| Vesturland | 7701 | 3173 |
| Vestfirðir | 589 | 310 |
| Norðurland vestra | 2009 | 2509 |
| Norðurland eystra | 1521 | 2212 |
| Austurland | 956 | 670 |
| Suðurland | 2573 | 788 |
| samtals | 18956 | 10327 |

**Tafla 14.** Fjöldi veiddra laxa valinna laxveiðiáa á árunum 1974 - 1990. Reiknuð meðalveiði, mesta veiði og minnsta veiði tímabilsins.

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | MEDAL VEIDI | MAX | MIN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Elliðaár | 2033 | 2071 | 1692 | 1328 | 1383 | 1336 | 938 | 1074 | 1219 | 1508 | 1331 | 1157 | 1083 | 1175 | 2006 | 1773 | 1384 | 1441 | 2071 | 938 |
| Úlfarsá (Korpa) | 357 | 438 | 406 | 361 | 327 | 215 | 110 | 166 | 158 | 450 | 225 | 303 | 376 | 245 | 709 | 440 | 306 | 329 | 709 | 110 |
| Leirvogsá | 332 | 739 | 544 | 474 | 463 | 386 | 136 | 213 | 322 | 514 | 320 | 438 | 324 | 291 | 1057 | 458 | 489 | 441 | 1057 | 136 |
| Laxá í Kjós | 1270 | 1901 | 1973 | 1677 | 1648 | 1508 | 950 | 1290 | 927 | 1545 | 1273 | 871 | 1043 | 933 | 3422 | 1819 | 1370 | 1495 | 3422 | 871 |
| Bugða | 158 | 269 | 410 | 263 | 136 | 125 | 212 | 260 | 232 | 450 | 461 | 283 | 201 | 230 | 389 | 314 | 226 | 272 | 461 | 125 |
| Brynjudalsá | 205 | 271 | 185 | 173 | 98 | | | 24 | 120 | 177 | 68 | 29 | 44 | 59 | 287 | 118 | 385 | 150 | 385 | 24 |
| Laxá í Leirársveit | 822 | 1654 | 1288 | 1154 | 1252 | 899 | 707 | 670 | 545 | 708 | 742 | 860 | 1610 | 914 | 1887 | 1186 | 1052 | 1056 | 1887 | 545 |
| Andakílsá | 235 | 331 | 262 | 187 | 237 | 138 | 69 | 104 | 89 | 108 | 106 | 101 | 145 | 136 | 203 | 122 | 97 | 157 | 331 | 69 |
| Hvítá | 521 | 339 | 388 | 401 | 788 | 573 | 555 | 364 | 348 | 213 | 326 | 597 | 469 | 514 | 439 | 301 | 263 | 435 | 788 | 213 |
| Grímsá og Tunguá | 1419 | 2116 | 1439 | 1103 | 1952 | 1527 | 869 | 845 | 717 | 1382 | 1061 | 1463 | 1836 | 825 | 1963 | 1200 | 756 | 1322 | 2116 | 717 |
| Flókadalsá | 411 | 613 | 432 | 263 | 547 | 377 | 266 | 181 | 234 | 281 | 303 | 351 | 384 | 282 | 293 | 182 | 241 | 332 | 613 | 181 |
| Reykjadalsá | 275 | 156 | 185 | 112 | 120 | 105 | 56 | 80 | 100 | 91 | 58 | 42 | 69 | 42 | 33 | 75 | 77 | 99 | 275 | 33 |
| Þverá og Kjarrá | 1748 | | 2330 | 2368 | 3132 | 3558 | 1938 | 1245 | 1616 | 1901 | 1082 | 1550 | 2127 | 1703 | 1567 | 1327 | 1485 | 1917 | 3558 | 1082 |
| Norðurá | 1428 | 2132 | 1675 | 1470 | 2089 | 1995 | 1583 | 1185 | 1455 | 1643 | 856 | 1121 | 1523 | 1034 | 1359 | 867 | 1070 | 1440 | 2132 | 856 |
| Gljúfurá | 150 | 522 | 356 | 400 | 461 | 286 | 130 | 101 | 184 | 225 | 110 | 138 | 280 | 73 | 181 | 133 | 97 | 225 | 522 | 73 |
| Langá | 1379 | 2131 | 1568 | 1720 | 2405 | 1893 | 1049 | 735 | 1090 | 960 | 610 | 1155 | 1765 | 1023 | 1409 | 748 | 1000 | 1332 | 2405 | 610 |
| Urriðaá | | | | 84 | 112 | 202 | 102 | 65 | 151 | 162 | 142 | 103 | 55 | 16 | 105 | 63 | 34 | 100 | 202 | 16 |
| Álftá | 154 | 341 | 204 | 300 | 386 | 255 | 265 | 267 | 396 | 485 | 268 | 333 | 399 | 202 | 443 | 283 | 245 | 307 | 485 | 154 |
| Hítará | 383 | 525 | 351 | 346 | 649 | 314 | 167 | 252 | 202 | 201 | 151 | 203 | 506 | 273 | 428 | 225 | 257 | 320 | 649 | 151 |
| Haffjarðará | 613 | 559 | 595 | 624 | 950 | 701 | 494 | 465 | 562 | 625 | 549 | 562 | 1131 | 521 | 875 | 661 | 599 | 652 | 1131 | 465 |
| Straumfjarðará | 451 | 755 | 433 | 466 | 648 | 391 | 320 | 437 | 350 | 360 | 215 | 327 | 378 | 161 | 334 | 300 | 267 | 388 | 755 | 161 |
| Vatnsholtsós og vötn | | | | | 290 | 325 | 112 | 175 | 140 | 171 | 135 | 200 | 143 | | 183 | 126 | 101 | 175 | 325 | 101 |
| Fróðá | | 182 | 199 | 254 | 225 | 234 | 130 | 94 | 75 | 100 | | | 58 | 61 | 71 | 51 | 50 | 127 | 254 | 50 |
| Grísholtslá og Bakká | 60 | 55 | 75 | 70 | 125 | 61 | 24 | 48 | 37 | 64 | 60 | 27 | 38 | | 296 | | | 74 | 296 | 24 |
| Setbergsá | | | | | 244 | 167 | 81 | 192 | 170 | 173 | 147 | 215 | 233 | 100 | | 134 | 203 | 172 | 244 | 81 |
| Laxá á Skógarströnd | 99 | 167 | 114 | 190 | 179 | 177 | 109 | 183 | 121 | 201 | 189 | 277 | 218 | 117 | 242 | 103 | 106 | 164 | 277 | 99 |
| Dunká | | | | 83 | 76 | 142 | 58 | 138 | 85 | 129 | 52 | 135 | 124 | 68 | 126 | 71 | 96 | 99 | 142 | 52 |
| Skrauma | 6 | 10 | | 22 | 23 | 18 | 10 | | | 32 | 16 | 16 | 23 | | | | 0 | 16 | 32 | 0 |

framhald

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | MEDAL VEIDI | MAX | MIN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hörðudalsá | 74 | 55 | 55 | 51 | | | 51 | 55 | 27 | 87 | 50 | 79 | 43 | 18 | 116 | 78 | 62 | 60 | 116 | 18 |
| Miðá í Dölum | 117 | 245 | 121 | 146 | 135 | 203 | 85 | 182 | 132 | 161 | 128 | 46 | 101 | 35 | 200 | 118 | 90 | 132 | 245 | 35 |
| Haukadalsá | 810 | 914 | 904 | 862 | 926 | 630 | 408 | 814 | 598 | 886 | 633 | 499 | 817 | 650 | 1232 | 511 | 540 | 743 | 1232 | 408 |
| Laxá í Dölum | 341 | 547 | 488 | 419 | 533 | 630 | 324 | 671 | 650 | 947 | 903 | 1600 | 1907 | 1408 | 2385 | 1006 | 1049 | 930 | 2385 | 324 |
| Fáskrúð | 202 | 298 | 136 | 242 | 226 | 261 | 140 | 190 | 154 | 214 | 165 | 257 | 449 | 381 | 464 | 203 | 226 | 248 | 464 | 136 |
| Kjallakstaðaá(Flekkudalsá) | 300 | 462 | 343 | 342 | 467 | 509 | 293 | 255 | 237 | 249 | 189 | 133 | 244 | 129 | 360 | 140 | 145 | 282 | 509 | 129 |
| Krossá á Skarðsströnd | 106 | 120 | 109 | 81 | 106 | 156 | 115 | 157 | 126 | 203 | 93 | 27 | 117 | 51 | 208 | 99 | 30 | 112 | 208 | 27 |
| Búðardalsá | 35 | | | | 100 | 120 | 131 | 71 | 54 | 71 | 32 | 51 | 55 | 56 | 82 | 81 | 106 | 75 | 131 | 32 |
| Hvolsá og Staðarhólsá | 126 | 136 | 185 | 163 | 180 | 90 | 18 | 140 | 111 | 100 | 144 | 137 | 323 | 101 | 768 | 163 | 331 | 189 | 768 | 18 |
| Fjarðarhornsá | | | | 8 | 0 | 38 | 8 | 18 | 34 | 60 | 31 | | 29 | 12 | 16 | 4 | 8 | 20 | 60 | 0 |
| Laugardalsá í Ísafj.djúpi | 309 | 601 | 245 | 681 | 703 | 596 | 276 | 288 | 250 | 181 | 125 | 421 | 386 | 190 | 501 | 280 | 161 | 364 | 703 | 125 |
| Ísafjarðará | 10 | 27 | | 52 | 29 | 25 | 12 | 12 | 9 | | 5 | 6 | 14 | 3 | 23 | 16 | 14 | 17 | 52 | 3 |
| Langadalsá | 78 | 172 | 170 | 189 | 203 | 277 | 206 | 111 | 101 | 98 | 31 | 54 | 112 | 67 | 95 | 130 | 88 | 128 | 277 | 31 |
| Hvannadalsá | 57 | | 56 | | 120 | 101 | 47 | 30 | 45 | 27 | 24 | 71 | | | 110 | 23 | 42 | 58 | 120 | 23 |
| Selá í Steingrímsfirði | 34 | 22 | | 27 | 17 | 17 | 23 | 6 | 7 | 0 | 7 | 44 | 22 | 18 | 60 | | 66 | 25 | 66 | 0 |
| Staðará í Steingrímsf. | 44 | 100 | 108 | 124 | 101 | 95 | 72 | 46 | 41 | 26 | 25 | 28 | 64 | 40 | 71 | 62 | 118 | 69 | 124 | 25 |
| Víðidalsá í Steingrímsf. | 182 | 49 | 54 | 61 | 93 | 104 | 98 | 34 | 54 | 12 | 16 | | 56 | | | | | 68 | 182 | 12 |
| Hrófá | | 20 | | 22 | 56 | 37 | 48 | 41 | 29 | 14 | 21 | 54 | 62 | 23 | 85 | 41 | 32 | 39 | 85 | 14 |
| Krossá í Bitru | | | | 49 | 140 | 125 | 151 | 153 | 109 | 90 | 41 | 109 | 180 | 121 | 88 | 79 | 39 | 105 | 180 | 39 |
| Víkurá | 5 | 38 | 92 | 68 | 121 | 219 | 125 | 174 | 61 | 75 | 45 | 70 | 100 | 40 | 89 | 40 | 38 | 82 | 219 | 5 |
| Bakká | 44 | | | 66 | 93 | 105 | 21 | 40 | | 57 | 39 | 85 | 115 | 43 | 123 | | | 69 | 123 | 21 |
| Laxá í Hrútafirði | 9 | 32 | 18 | 23 | 17 | 39 | 43 | 61 | 45 | 126 | 165 | 133 | 98 | 69 | 69 | 11 | 47 | 59 | 165 | 9 |
| Hrútafjarðará og Síká | 194 | 291 | 228 | 262 | 346 | 312 | 253 | 288 | 220 | 287 | 195 | 345 | 536 | 259 | 532 | 252 | 200 | 294 | 536 | 194 |
| Miðfjarðará | 837 | 1414 | 1601 | 2581 | 2337 | 2132 | 1714 | 1213 | 926 | 882 | 583 | 1059 | 1719 | 1073 | 2081 | 1175 | 774 | 1418 | 2581 | 583 |
| Tjarnará á Vatnsnesi | | | 34 | | 112 | 82 | 53 | 56 | 36 | 53 | 23 | 55 | 25 | 0 | | 40 | 18 | 45 | 112 | 0 |
| Víðidalsá og Fitjá | 1051 | 1140 | 1238 | 1792 | 1851 | 1948 | 1423 | 1392 | 1132 | 1082 | 625 | 713 | 1541 | 1563 | 2023 | 924 | 604 | 1297 | 2023 | 604 |
| Vatnsdalsá | 706 | 832 | 571 | 1203 | 1466 | 1413 | 1033 | 985 | 721 | 879 | 699 | 856 | 1582 | 1496 | 1243 | 660 | 604 | 997 | 1582 | 571 |
| Laxá á Ásum | 1439 | 1881 | 1270 | 1439 | 1854 | 1650 | 956 | 1413 | 1036 | 1050 | 625 | 1440 | 1857 | 1157 | 1617 | 749 | 651 | 1299 | 1881 | 625 |
| Blanda | 1173 | 2363 | 1485 | 1367 | 2147 | 906 | 778 | 1412 | 861 | 511 | 495 | 766 | 1814 | 1243 | 1217 | 375 | 607 | 1148 | 2363 | 375 |
| Svartá | 420 | 232 | 96 | 46 | 295 | 469 | 444 | 125 | 73 | 147 | 132 | 330 | 391 | 462 | 275 | 118 | 105 | 245 | 469 | 46 |
| Laxá á Refasveit | 79 | 58 | 41 | 71 | 94 | 146 | 153 | 71 | 39 | 57 | 70 | 111 | 144 | 132 | 140 | 96 | 156 | 98 | 156 | 39 |
| Hallá | | | | 171 | 185 | 197 | 138 | 96 | 57 | 111 | 86 | 109 | 55 | 62 | 62 | 50 | 30 | 101 | 197 | 30 |
| Fossá í Skefilsst.hr | 5 | 6 | | 34 | 62 | 98 | 94 | 26 | 14 | 25 | 8 | 22 | 32 | 20 | 22 | 24 | 12 | 32 | 98 | 5 |
| Laxá í Skefilst.hr | 120 | 134 | 73 | 140 | 200 | 220 | 245 | 161 | 113 | 93 | 74 | 134 | 138 | 176 | 137 | 70 | 103 | 137 | 245 | 70 |
| Sæmundará | 115 | 116 | 160 | 212 | 303 | 112 | 70 | 52 | 29 | 75 | | 139 | 94 | | | | | 123 | 303 | 29 |
| Húseyjarkvísl | 112 | 118 | 141 | 158 | 194 | 84 | 107 | 52 | 54 | 90 | 77 | 105 | 104 | 101 | 73 | 113 | 89 | 104 | 194 | 52 |

framhald

| Nafn | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | MEDAL VEIÐI | MAX | MIN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hofsá í Vesturdal | 23 | 2 | | 15 | | 12 | 16 | 10 | 23 | | | | | | | | | 14 | 23 | 2 |
| Kolka | | | | | | 12 | 12 | 11 | 7 | | | 24 | | | | | | 13 | 24 | 7 |
| Hrolleifsdalsá | | 24 | 28 | 41 | 41 | 65 | 17 | 4 | 4 | 7 | 4 | 25 | 15 | 24 | 10 | 18 | 16 | 21 | 65 | 4 |
| Flókadalsá í Fljótum | | | | | 71 | 40 | 22 | 54 | 2 | 10 | | 22 | 68 | 38 | 64 | 119 | 135 | 54 | 135 | 2 |
| Fljótaá | 204 | 189 | 173 | 269 | 316 | 199 | 165 | 125 | 71 | 60 | 68 | 83 | 150 | 112 | 93 | 323 | 388 | 176 | 388 | 60 |
| Eyjafjarðará | | | | | | 27 | 71 | 21 | 14 | 7 | 11 | 11 | 13 | 13 | 10 | 6 | 40 | 20 | 71 | 6 |
| Fnjóská | 386 | 268 | 250 | 273 | 554 | 446 | 527 | 257 | 323 | 98 | 107 | 120 | 144 | 93 | 124 | 112 | 121 | 247 | 554 | 93 |
| Skjálfandafljót | | 67 | 412 | 288 | 336 | 317 | 426 | 108 | 169 | 100 | 165 | 679 | 721 | 503 | 379 | 431 | 493 | 350 | 721 | 67 |
| Laxá í Aðaldal | 1817 | 2326 | 1777 | 2699 | 3063 | 2372 | 2324 | 1455 | 1304 | 1109 | 1256 | 1911 | 2730 | 2422 | 2255 | 1619 | 1543 | 1999 | 3063 | 1109 |
| Reykjadalsá og Eyvindarl. | 337 | 264 | 133 | 593 | 657 | 492 | 321 | 271 | 114 | 210 | 155 | 344 | 373 | 241 | 435 | 241 | 272 | 321 | 657 | 114 |
| Mýrarkvísl | 210 | 201 | 121 | 181 | 221 | 197 | 169 | 242 | 179 | 248 | 215 | 388 | 490 | 252 | 287 | 239 | 188 | 237 | 490 | 121 |
| Ormarsá á Sléttu | 123 | 117 | 147 | 275 | 286 | 119 | 124 | 54 | 45 | 87 | 73 | 203 | 350 | 275 | 278 | 264 | 187 | 177 | 350 | 45 |
| Deildará | 158 | 189 | 168 | 224 | 357 | 164 | 111 | 93 | 27 | 55 | 69 | 234 | 253 | 178 | 173 | 145 | 142 | 161 | 357 | 27 |
| Svalbarðsá | 234 | 172 | 155 | 240 | 257 | 158 | 167 | 51 | 36 | 41 | 29 | 161 | 171 | 176 | 198 | 238 | 135 | 154 | 257 | 29 |
| Sandá | 288 | 238 | 315 | 474 | 418 | 411 | 380 | 138 | 53 | 47 | 35 | 257 | 340 | 403 | 290 | 182 | 81 | 256 | 474 | 35 |
| Hölkná | 135 | 118 | 92 | 219 | 130 | 66 | 73 | 26 | 26 | 25 | 11 | 109 | 121 | 131 | 144 | 105 | 91 | 95 | 219 | 11 |
| Hafralónsá | 343 | 302 | 227 | 312 | 276 | 264 | 180 | 36 | 60 | 52 | 25 | 132 | 223 | 296 | 361 | 313 | 223 | 213 | 361 | 25 |
| Miðfjarðará við Bakkafj. | 147 | 144 | 183 | 248 | 242 | 135 | 80 | 39 | 15 | 39 | 32 | 116 | 168 | 206 | 186 | 235 | 136 | 138 | 248 | 15 |
| Selá í Vopnafirði | 589 | 711 | 845 | 1463 | 1394 | 767 | 637 | 192 | 168 | 229 | 123 | 627 | 1258 | 1523 | 1102 | 895 | 634 | 774 | 1523 | 123 |
| Vesturdalsá | 391 | 329 | 326 | 513 | 498 | 268 | 141 | 42 | 34 | 61 | 47 | 280 | 197 | 380 | 231 | 226 | 163 | 243 | 513 | 34 |
| Hofsá | 1277 | 1117 | 1253 | 1273 | 1336 | 599 | 615 | 145 | 141 | 258 | 185 | 1219 | 1631 | 1710 | 1210 | 809 | 552 | 902 | 1710 | 141 |
| Selfljót | | | | 77 | 32 | 19 | 7 | | 6 | 15 | 16 | 65 | 70 | 32 | 12 | 5 | 26 | 29 | 77 | 5 |
| Fjarðará í Borgarf.eystri | | | | 44 | 27 | 13 | 5 | 1 | | | | | | | | | 6 | 16 | 44 | 1 |
| Breiðdalsá | 126 | 123 | 76 | 248 | 412 | 248 | 153 | 41 | 20 | 21 | 4 | 78 | 158 | 257 | 185 | 104 | 91 | 138 | 412 | 4 |
| Geirlandsá í V-Skaft. | 56 | 162 | 59 | 99 | 91 | 88 | 65 | 59 | 42 | 51 | 46 | 49 | 26 | 32 | 62 | 47 | 74 | 65 | 162 | 26 |
| Eldvatn | 24 | 51 | 13 | 43 | 33 | 45 | 12 | 17 | 11 | 17 | 3 | 9 | 11 | 11 | 37 | 14 | 15 | 22 | 51 | 3 |
| Tungufljót | | | 14 | 34 | 43 | 74 | 46 | 16 | 20 | 36 | 28 | 23 | 36 | 20 | 25 | 9 | 11 | 29 | 74 | 9 |
| Kerlingadalsá og Vatnsá | | | | | 28 | 33 | 16 | 57 | 48 | 90 | 49 | 47 | | | 144 | 78 | 107 | 63 | 144 | 16 |
| Rangárnar | 29 | 57 | 95 | 46 | 82 | 98 | 65 | 80 | 65 | 22 | 10 | 17 | 78 | 32 | 53 | 80 | 1622 | 149 | 1622 | 10 |
| Stóralaxá í Hreppum | 157 | 340 | 293 | 266 | 571 | 272 | 76 | 242 | 218 | 481 | 707 | 183 | 166 | 113 | 115 | 188 | 200 | 270 | 707 | 76 |
| Brúará | 88 | 84 | 57 | 49 | 64 | 49 | 19 | 57 | 32 | 63 | 92 | 48 | 58 | 76 | 37 | 34 | 44 | 56 | 92 | 19 |
| Sogið | | 593 | 589 | 537 | 620 | 439 | 223 | 329 | 343 | 248 | 361 | 424 | 497 | 490 | 714 | 325 | 397 | 446 | 714 | 223 |
| Hvítá í Árnessýslu | | | 1159 | | 1169 | 1028 | 299 | 762 | 634 | 846 | 941 | 550 | 990 | 965 | 788 | 680 | 486 | 807 | 1169 | 299 |
| Ölfusá | | | 549 | | 825 | 503 | 6 | 102 | 368 | 237 | 381 | 254 | 405 | 393 | 535 | 616 | 315 | 392 | 825 | 6 |
| Kálfá í Gnúpverjahr. | | | 69 | 42 | 4 | 4 | 8 | 10 | | | 19 | | 11 | 15 | 66 | 104 | 87 | 37 | 104 | 4 |
| Vatnasv. Baugsstaðaóss | | | | | | | | | 59 | 20 | 20 | 9 | 14 | 11 | 21 | 8 | 16 | 20 | 59 | 8 |
| HEILDAR VEIÐI | 30785 | 38888 | 36704 | 40130 | 51211 | 42097 | 29174 | 26891 | 24511 | 28775 | 22747 | 31646 | 43847 | 33620 | 47498 | 29623 | 28475 | 34507 | 51211 | 22747 |